

26.2.2019

Góðan daginn

Fyrir hönd Sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps vil ég koma eftirfarandi umsögn á framfæri um mál nr. 136:

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps telur það mikið hagsmunamál fyrir t.d. íþróttafélög og björgunarsveitir að fá endurgreiddan virðisaukaskatt af fjárfestingum. Uppbygging aðstöðu þessara félaga hér um slóðir byggir mikið á sjálfbærni og félögin eru samfélagslega mikilvæg. Við þær aðstæður er því töluvert vafasamt réttlæti að dugnaður félagsmanna við uppbyggingu þeirra sé drjúgur tekjustofn fyrir ríkið. Auðvelt er að leiða rök að því að þessi félög séu samfélaginu til heilla og spari í raun ríkinu í ómældar fjárhæðir með forvarnargildi starfs síns, sem og björgunar- og leitarþjónustu sem víðast annarsstaðar er á höndum ríkis.

Það er von okkar að umsögn þessi verði tekin með þó formlegum umsagnarfresti sé lokið.

Með bestu kveðju,



Þróstur Friðfinnsson

sveitarstjóri Grýtubakkahrepps

s. 414 5400 / 894 4650

throstur@grenivik.is